

# Geðhjálp er sjúklinga- félag – ekki starfs- mannafélag

Í fjölmiðlaumræðu um Geðhjálp að undanförunu hafa meginatriði málsins því miður ekki komist til skila. Þá hefur það valdið vonbrigðum hve fréttaflutningur fjölmiðla sem vilja teljast ábyrgir hefur verið af skornum skammti og yfirborðslegur. Geðhjálp er félag þeirra sem hafa þurft eða þurfa aðstoð vegna geðrænna vandamála, aðstandenda þeirra og annarra er láta sig geðheilbrigðismál



Eydís K.  
Sveinbjarnardóttir

varða, eins og segir í lögum félagsins. Þar er líka tilgreint helsta markmið félagsins sem er það að efla gagnrýna og málefnalega umræðu um geðheilbrigðisþjónustu. Með hliðsjón af þessum forsendum er kjarni málsins því þessi:

Hvernig gengur það upp að sérfræðingur í geðlækningum verði kosinn formaður Geðhjálpar um leið og félagið hefur með höndum rekstur búsetu fyrir geðfatlaða? Hvernig á félagið Geðhjálp að efla gagnrýna og málefnalega umræðu um geðheilbrigðisþjónustu með launaðan sérfræðing í geðlækningum sem formann félagsins? Og hvernig ætlar hann að snúa sér í því er hann sem sérfræðingur í geðlækningum þarf að sækja um búsetu á vegum Geðhjálpar fyrir sjúkling sinn? Ætlar hann þá að skrifa sjálfum sér bréf? Og loks: Hvernig bregst hann við ef sjúklingur hans kvartar undan honum við hagsmunafélag sitt, Geðhjálp?

Innan Geðhjálpar er mikill áhugi á því að kjósa formann úr röðum félaga sem þekkja geðheilsuþrest af eigin raun og hafa þurft að sækja þjónustu til heilbrigðiskerfisins þess vegna, enda er það í fullu samræmi við markmið félagsins og þá hugmyndafræði sem það grundvallast á. Það má nú heita viðtekin skoðun að með slíkan

heilsuþrest skuli ekki fara ódrúvisi en önnur veikindi, enda er markvisst unnið að því víðsvegar í samfélaginu að kveða niður fordóma vegna geðsjúkdóma. Núverandi varaformaður Geðhjálpar, Sigursteinn Másson, er fús að gefa kost á sér til formennsku, að því tilskildu að lagabreytingar, þar sem tillit er tekið til þeirrar meginreglu að launaðir starfsmenn sitji ekki í stjórn yfir sjálfum

sér, verði samþykktar.

Þegar ljóst varð í vetur að stuðningsþjónustu á vegum Geðhjálpar væri stórlega ábótavant var skipaður starfshópur á vegum félagsins, í samvinnu við Félagshjónustuna í Reykjavík og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík. Skýrsla hópsins lá fyrir í marsmánuði og þar eru gerðar alvarlegar athugasemdir við m.a. þessi atriði:

Skipulag og yfirstjórn stuðningsþjónustu er ekki í höndum fagmenntaðs starfsmanns.

Samningum er ábótavant, m.a. hvað varðar húsnæði sem uppfyllir ekki staðlaðar kröfur um sjálfstæða búsetu.

Umsjón með mikilvægum þáttum í daglegu lífi geðfatlaðra, svo sem lyfjagjöf, hefur verið vanrækt. Stuðningsþjónusta Geðhjálpar hefur ekki veitt nema hluta þeirrar þjónustu sem greitt er fyrir af opinberum aðilum.

Megintilgangur úttektaþingarinnar var að leggja grunn að væntanlegri rekstrarstjórn Stuðningsþjónustu Geðhjálpar og átti skipun hennar að verða fyrsta verk nýrrar stjórnar. Sem kunnugt er tókst ekki að ljúka þeim aðalfundi félagsins og er ófremdarástand því enn ríkjandi innan stuðningsþjónustunnar.

## Geðheilbrigði

**Hvernig á félagið Geðhjálp að efla gagnrýna og málefnalega umræðu um geðheilbrigðisþjónustu, spyr Eydís K. Sveinbjarnardóttir, með launaðan sérfræðing í geðlækningum sem formann félagsins?**

Í fráfarandi stjórn hafa setið tveir launaðir starfsmenn stuðningsþjónustunnar, en fyrir framhaldsaðalfundi sem boðaður er í Broadway á Hótel Íslandi kl. 12 á hádegi nk. laugardag liggja tillögur að lagabreytingum sem m.a. gera ráð fyrir því að launaðir starfsmenn Geðhjálpar sitji ekki í stjórn félagsins, en starfsmenn stuðningsþjónustu tilnefna áheyrnarfulltrúa sem situr stjórnarfundum.

Um þetta snúast átökin á vettvangi félagsins: Hvernig getur það farið saman að þeir sem hafa á hendi þjónustu við fatlaða sitji í stjórn hagsmunasamtaka þeirra, hvort sem um er að ræða starfsmenn stuðningsþjónustu eða sérfræðinga í geðlækningum? Það sér hver heilvita maður að sami einstaklingur getur ekki setið beggja vegna borðsins.

Eg vil beina því til félaga í Geðhjálp, og alveg sérstaklega aðstandenda notenda geðheilbrigðisþjónustu, að koma á fundinn, greiða tillögum að lagabreytingum atkvæði sitt, svo og Sigursteini Mássyni sem nýjum formanni og þeim sem bjóða sig fram til stjórnarsetu með honum.

*Höfundur er stjórnarformaður Geðhjálpar.*